

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 15. október 2020

Mál nr. S-615/2020:

Ákærvaldið

(*Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Óttari Gunnarssyni

(*Arnar Þór Stefánsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 29. september sl. er höfðað með ákæru, útgefinni af Héraðssaksóknara, dagsettri 23. janúar 2020:

I.

fyrir brot í nánu sambandi og kynferðisbrot, með því að hafa miðvikudaginn 29. mars 2017 í bifreið skammt utan Reykjavíkur, ráðist að þáverandi kærustu sinni, A, með því að beita hana ofbeldi, hótunum, stórfelldum ærumeiðingum og særa blygðunarsemi hennar en ákærði sló A ítrekað í líkama og hótaði henni á eftirfarandi hátt;

- 1) „Hættu að ljúga annars fokking drep ég þig [...]“
- 2) „Ég ætla að keyra þig heim, ég ætla að keyra hraðar svo þú drepist, afskræmist, svo þú verðir öll ógeðslega afskræmd [...]“
- 3) „Á ég að segja þér, A ég ætla að setja mynd af þér á face-ið og segja svo að þú sért mella [...]“
- 4) „Ég ætla að fara með þig lengra þar sem þú finnst ekki.“

en eftirfarandi ummæli voru til þess fallin að særa blygðunarsemi hennar, móðga og smána hana;

- 5) „[...] það er allavega ekki nógu erfitt fyrir þig að opna fokking kuntuna og láta ríða þér skítuga fokking mellan þín. Ekki koma við mig þú ert ógeðsleg [...]“
- 6) „Ég keyri þig heim, farðu bara í fokking belti skítuga hórán þín.“
- 7) „[...] þú átt það ekki skilið, ekki rassgat, þú átt engan skilið hóra.“
- 8) „Hóra svo ert þú að koma við börnin mín.“
- 9) „Ertu ekki slæm? Þú ert að sjúga tittling fyrir pening.“
- 10) „[...] þetta er ekki vinna þú ert hóra, þú ert viðbjóður.“

11) „Hættu þetta sagðir þú líka áður en þú viðurkenndir að þú værir mella, ég er með mellu heima hjá mér. Heyrðu Óttar hver er heima hjá þér? Það er bara hóra, hvað segir þú varstu með hóru, var hóra að leika við börnin þín.“

12) „Já þú ert ógeðsleg shit.“

Allt var þetta til þess fallið að ógna lífi, heilsu og velferð A á alvarlegan hátt.

Er þetta talið varða við 209. gr. og 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940

II.

Fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 25. ágúst 2017 á heimili sínu að ..., haft í vörslu sinni 1,11 grömm af kókaíni, hnúajárn með áföstu hnífsblaði, öxi og 5 kaststjörnur, en framangreint fannst við húsleit lögreglu.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5 og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og c- og e-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á hnúajárni með áföstu hnífsblaði, öxi, 5 kaststjörnum, 1,11 grömmum af kókaíni, 7,20 grömm af morfíni, 19,0 ml. af trenbolon anabólískum sterum, og 12,04 grömm af óþekktu hvítu efni, sbr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998, 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, 3. mgr. 49. gr. laga nr. 93/1994, 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Af hálfu brotaþola er gerð krafa um miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 18. mars 2017, þar til mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafa þessi en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, ellegar að hún verði lækkuð verulega. Loks krefst hann þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Mánudaginn 24. ágúst 2017 mætti brotapolí á lögreglustöð og lagði fram kærú á hendur ákærða vegna kynferðisbrots. Lýsti hún því að hún hefði kynnst ákærða í september 2016 í gegnum Facebook og þau byrjað saman fljótlega í kjölfarið. [...]Hafi henni þá liðið mjög illa í sambandinu með ákærða, en þá hafi ákærði verið að halda fram hjá brotapolu. Ákærði hafi fyrst ráðist með ofbeldi gegn brotapolu í mars 2017. Þá hafi þau verið í Barcelona á Spáni. [...]Brotapolí hafi verið í leigubifreið með ákærða og vinkonu sinni þegar þetta var og hafi ákærði hótad að drepa alla í leigubifreiðinni. Hafi brotapolí látið sem hún þyrfti að kasta upp og hlaupið út úr bifreiðinni. Ákærði hafi hlaupið á eftir henni og náð henni, tekið í hár hennar, hrint henni í jörðina og lamið hana. Vinkona brotapolu hafi beðið leigubílsstjóran að hringja á lögreglu. Þegar lögreglan kom hafi ákærði haldið brotapolu og lamið hana í viðurvist lögreglu. Ákærði hafi verið handtekinn og færður í fangageymslur en brotapolí hafi beðið lögreglu að láta ákærða lausan og ítrekað sagt að hún vildi ekki leggja fram kærú á hendur honum. Eftir að þessu öllu lauk hafi allt gengið vel næstu þrjár vikur á eftir. Þá hafi ákærði farið að ganga á eftir henni með skilaboðin og hún á endanum sagt honum að hún hefði verið í vændisstarfsemi fyrir löngu. [...]Hann hafi virkað skrýttinn í bifreiðinni og ekið áleiðis til Bláfjalla. Á leiðinni þangað hafi hann sagt að hann væri nefndur maður og því næst læst bifreiðinni. Brotapolí hafi fengið áfall við þetta. Ákærði hafi beðið hana að opna síma sinn og hótad henni að hann myndi segja foreldrum hennar frá þessu að öðrum kosti. Foreldrar brotapolu séu ... og ... og hún hafi óttast viðbrögð þeirra. [...]Brotapolí hafi óttast um líf sitt í ökuferðinni. Ákærði hafi stöðugt slegið brotapolu í bílferðinni án þess að áverkar yrðu sjáanlegir. Hún hafi ítrekað reynt að komast út úr bifreiðinni en ákærði haldið í hana þannig að hún hafi ekki komist undan. Ákærði hafi síðan ekið heim til sín og brotnað saman þar og beðist fyrirgefningar á öllu saman. Hafi ákærði sagst ætla að giftast henni og loks kynnt hana fyrir börnum sínum. Hafi brotapolí búið heima hjá ákærða í þrjár vikur eftir þetta. [...] Hann hafi reglulega notað kókaín á þessum tíma til að ganga betur í námi, en hann hafi verið að útskrifast með BA-gráðu í sálfræði. Brotapolí hafi ekki notað fíkniefni áður en hún kynntist ákærða, en drukkið áfengi. Þarna hafi hún farið að nota kókaín með ákærða. Eftir páska 2017 hafi ákærði aftur veist að brotapolu, en þá hafi þau verið heima hjá bróður ákærða. Brotapolí hafi þá verið mjög ölvuð og sofnað í sófa heima hjá bróður ákærða. Eftir að hún sofnaði hafi ákærði komist í síma brotapolu, vakið hana og hótad að fara með síma hennar til foreldra hennar. Ákærði hafi rokið út og brotapolí ekki komist neitt en loks tekið leigubíl heim til móður sinnar. Er hún kom þangað hafi móðir hennar verið að koma heim. Ákærði hafi komið að húsinu og hrópað að brotapolí væri að selja sig og þá hafi brotapolí slegið á bak ákærða. Í kjölfarið hafi brotapolí ákveðið að fara í Kvennaathvarfið. Hafi hún byrjað á því að fara með dót þangað og síðan farið til vinkonu sinnar. Ákærði hafi hringt og viljað hitta hana

en hún sagt ákærða að hún þyrði það ekki. Að endingu hafi hún þó ákveðið að hitta hann. Ákærði hafi ekið út úr bænum og á leiðinni ráðist gegn brotþola og slegið hana hnefahögg, m.a. í kjálka, svo að hún hafi hlotið áverka. Hafi brotþoli reynt að verja sig og ítrekað beðið ákærða að hætta, en hann sagt að hún væri skítug hóra og ætti að drepa sig. Hafi ákærði haldið henni niðri í bílnum, m.a. með því að halda í hár hennar. [...] Brotþola hafi liðið illa í kjálka eftir þessa árás og átt erfitt með að borða næstu þrjár vikur á eftir. Hún hafi leitað til læknis og verið send í röntgenmyndatöku, en ekkert brot sést.

Á meðal rannsóknargagna málsins eru gögn lögregluþyrvalda á Spáni. Samkvæmt þeim hefur verið óskað aðstoðar lögreglu 17. mars 2017 vegna ákærða og brotþola. Fram kemur að sjónarvottur hafi horft upp á hvernig karlmaður hafi barið konu og togað í hár hennar. Þegar lögreglumenn hafi komið á staðinn hafi þeir séð hvernig maðurinn hafi gripið á ofbeldisfullan hátt í handlegg konunnar og í hárið á henni um leið og hann hafi þvingað hana til að ganga. Lögreglumenn hafi rætt við konuna sem hafi sagt að þau væru par og á leið heim af skemmtun. Rifrildi hafi hafist því maðurinn hafi beðið um síma konunnar til að skoða skilaboð hennar. Maðurinn hafi í framhaldi af því byrjað að móðga hana, berja hana og toga í hárið á henni. Hafi konan greint frá því að ofbeldi væri venjubundið og eðlilegt í sambandi þeirra. Konan hafi ekki verið með nein sár á andliti en lítilsháttar roða á húðinni. Hún hafi ekki viljað aðstoð sjúkrabíls og ekki viljað leggja fram kæru vegna atviksins. Í samræmi við verklagsreglur hafi verið opnað lögreglumál sem lagt hafi verið fyrir dómstól í kynbundnu ofbeldi. Maðurinn hafi verið handtekinn og tekin af honum skýrsla.

Á meðal gagna málsins er upptaka af samskiptum á milli ákærða og brotþola í bifreið. Samkvæmt skýrslu lögreglu er upptakan frá 29. mars 2017 kl. 17:06. og ríflega 22 mínútur að lengd. Þegar hljóðupptakan hefst grætur brotþoli. [...] Hann segist ætla að fá aðgang að síma brotþola en brotþoli segir að þau séu hvort eð er hætt saman. Hún segist ekki hafa elskað neinn jafn mikið og grætur. Þau ræða áfram saman. Ákærði heyrir spyrja brotþola hvort hún sé að reyna að hoppa út úr bifreiðinni, hún fái ekki að hoppa út, hann ætli að fá sannleikann. Hann segir brotþola að setja á sig bílbeltið. Hún segir nei en ákærði skipar henni að setja það á sig strax. Brotþoli hljóðar upp.

Samkvæmt gögnum málsins fór fram húsleit á heimili ákærða 25. ágúst 2017. Við húsleitina var lagt hald á exi, hnífa, kaststjörnur og efni sem grunur lék á að væri fíkniefni og sterar. Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu reyndust efnin vera 1,11 grömm af kókaíni, 7,20 grömm af morfíni, 19,01 ml af trenboloni, anabólískum sterum, og 12,04 grömm af óþekktu hvítu efni.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Kvennaathvarfinu frá 18. september 2017 kom brotþoli í Kvennaathvarfið 1. maí 2017 og var skráð í dvöl til 3. maí 2017.

Samkvæmt vottorðum Bjarkarhlíðar frá 11. maí og 10. júní sl. kom brotaþoli í Bjarkarhlíð í fyrsta viðtal í mars 2017. Fram kemur meðal annars í vottorðinu að brotaþoli hafi nýtt sér vel þverfaglegan stuðning sem veittur hafi verið í Bjarkarhlíð. Þegar vottorðin hafi verið gefið út hafi brotaþoli átt að baki samtals 84 viðtöl. Brotaþoli hafi upplifað flókin áföll í gegnum lífið. [...] Afleiðingar ætlaðs ofbeldis ákærða á líf brotaþola hafi verið alvarlegar og hún sé ennþá að vinna úr þeim. Brotaþoli uppfylli greiningarskilyrði fyrir þunglyndi og kvíða og mælist með 49 stig á lista yfir þunglyndi þar sem klínísk mörk séu 15. Áfallastreituröskun hafi truflað líf brotaþola eftir að ætluðum brotum ákærða lauk. Brotaþoli hafi sýnt það með því að stunda viðtöl og stuðning í Bjarkarhlíð að hún óski einskis frekar en að öðlast jafnvægi og gott líf. Það hafi tekið mikið á brotaþola að lifa við ótta og óöryggi og hafi hún glímt við sjálfsskaðandi hegðun á borð við vímuefnavanda og átröskun þegar líðan hennar var sem verst. Hún óttist stöðugt um líf sitt, bæði vegna myndanna sem ákærði hafi birt af henni og ótta við frekari myndbirtingar, hótanir og árásir af hans hendi. Hún sé sannfærð um að henni verði refsað af ... eða útskúfað ef það fréttist að nektarmyndir af henni hafi verið á netinu. Alls ekki sé sjálfsagt að brotaþoli sé á lífi í dag og sé hún metin með mikla þörf fyrir áframhaldandi stuðning og meðferð þar til hún nái tókum á þunglyndi, kvíða og áfallastreitu.

Samkvæmt læknaþreffi heimilislæknis frá 15. maí 2019 kom brotaþoli á heilsugæslu 2. maí 2017 á vegum Bjarkarhlíðar. Í lýsingu er tekið fram að fyrrum kærasti hafi ekið með brotaþola út á land og lamið hana. Það hafi gerst deginum á undan komu. Í lýsingu læknis er þess getið að brotaþoli hafi verið spennt. Hún hafi verið með eymsli vinstra megin á enni og með mar. Við kjálka hafi verið þroti og mikil eymsli hægra megin á mótis við 5. tönn. Eigi brotaþoli erfitt með að opna munninn. Brotaþoli hafi verið send í röntgenmyndatöku en myndataka hafi ekki sýnt brot. Brotaþoli hafi aftur komið á heilsugæslu 18. maí 2017. Hún hafi rætt um ofbeldissamband sem hún væri í og væri hún hrædd. Hún væri á leið til Spánar til að forðast aðstæður. Hún hafi virst vera kvíðin og hrædd.

Á meðal framlagðra gagna er endurrit af skilaboðum á Instagram frá 22. mars 2018. Samkvæmt þeim sendir brotaþoli ákærða skilaboð þann dag þar sem hún biður hann fyrirgefningar á öllum lygum sínum og bullinu en þetta hafi ekki átt að ganga svona langt. Sé brotaþoli búin að vera í sambandi við B, en hún sé snargeðveik og ætli að koma ákærða í fangelsi. Hún leyfi brotaþola ekki að taka „þetta“ til baka. Ákærði eigi þetta ekki skilið. B ætli að ljúga að lögreglunni og kæra ákærða. Hún segist hafa lifað lengi við ofbeldi. Brotaþoli sé á áfangaheimili og hana langi til að hitta ákærða.

Ákærði hefur greint svo frá að hann hafi í ágúst 2016 kynnst brotaþola í gegnum Facebook. Í framhaldi af því hafi þau hist með hléum allt fram á fyrri hluta árs 2017.

Hafi þau hætt að hittast þegar brotapolí flutti úr landi. Ákærði hafi reyndar hitt á brotþola á Ítalíu þetta vor eða sumar, en eftir að heim kom hafi þau ekki hist meira. Ákærði hafi ávallt búið á, en brotapolí ýmist í, í eða hjá móður sinni. Ákærði kvaðst sjaldan hafa verið heima hjá brotþola á meðan þau voru að hittast. Hann hafi verið með vikulega umgengni við börn sín og brotapolí komið í heimsókn þegar börn ákærða hafi ekki verið hjá honum. Síðan hafi ákveðin hlé verið í samskiptum þeirra. Hafi brotapolí stundum rokið í burtu. [...]kvaðst hann hafa viðhaft þau ummæli sem fram kæmu í tölulíðum 1 til 12 í I. kafla ákæru. Engin meaning hafi legið að baki þessum ummælum. [...]Ákærði hafi aldrei ætlað að láta verða af því sem hann hafi sagt við þessar aðstæður. Hann hafi einfaldlega verið svo sár. Hann hafi aldrei beitt brotþola ofbeldi eða hótað henni og aldrei slegið hana í bifreiðinni. Á upptökunni heyrir brotapolí stundum kveinka sér en þau hljóð hafi komið þegar ákærði hafi verið að ýta brotþola frá sér þegar hún hafi verið að reyna að taka utan um hann. Á þeim tíma sem ákærði hafi verið að hitta brotþola hafi hann verið í forsjárdeilu við barnsmóður sína. Hann hafi farið í ökuferð með brotþola áleiðis upp í Bláfjöll og í þeirri ökuferð hafi hann látið þau orð falla er hann sé ákærður fyrir. Hafi ákærði tekið samtalið upp á síma sinn því hann hafi óttast að samskipti hans og brotþola yrðu notuð í forsjárdeilu sinni við barnsmóður sína. Upptakan hafi endað þegar ákærði og brotapolí hafi komið aftur til Reykjavíkur og þau verið komin í Norðlingaholt. Ákærða hafi ekki fundist brotapolí kippa sér mikið upp við atvikið. Í það minnsta hafi brotapolí farið úr bifreiðinni við Norðlingaholt en komið heim til ákærða um klukkustundu síðar. Hafi hún þá verið komin til að ræða málin. Ákærði kvaðst ekki hafa farið aftur í ökuferð með brotþola.

Sambandið við brotþola hafi verið stormasamt. Hafi brotapolí átt það til að rjúka út vegna minnstu atvika. Þau hafi farið saman til Spánar í mars 2017. [...] Þau hafi, ásamt vinkonu brotþola, verið á ferð í leigubifreið er ákærði hafi séð skilaboð [...]. Brotapolí hafi rokið út úr bifreiðinni og ákærði farið á eftir henni til að stöðva hana og tekist það. Leigubílstjórinn hafi hringt í lögreglu vegna ótta um að farið yrði ekki greitt og lögregla mætt á staðinn. Þá hafi ákærði og brotapolí verið í faðmlögum. Lögreglan hafi handtekið ákærða og hafi ákærði þurft að vera tvær nætur í fangelsi. Ákærði kvaðst hafa verið heima hjá bróður sínum einhverju sinni, ásamt brotþola. Hann hafi ekki beitt brotþola neinu ofbeldi þar og þeim hafi ekki lent saman þar, svo sem brotapolí haldi fram.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið eigandi þeirra fíkniefna sem lögregla lagði hald á á heimili hans. Hann væri hins vegar eigandi kaststjarnanna, hnúajárnsins með blaðinu og axarinnar. Að því er þessa hluti varðaði væri hnífsblaðið mjög stutt. Kaststjörnurnar væru skrautmunir og hefði ákærða ekki verið kunnugt um að þær teldust vopn í dag. Exina hafi ákærði fengið í afmælisgjöf. Hafi hann notað hana til að höggva með í rekavið sér til ánægju.

Brotapoli hefur greint svo frá að ákærði hafi tengst henni á Facebook í ágúst eða september 2016. Hafi þau byrjað saman fljótlega eftir það. Í upphafi hafi þau búið sitt á hvorum staðnum en farið að búa saman seinna. Samband þeirra hafi síðan endað er brotapolí hafi lagt fram kæru á hendur ákærða. Sambandið hafi alla tíð verið stormasamt og þau verið mikið sundur og saman. Hafi brotapolí oft hætt með ákærða því henni hafi ekki fundist hún geta treyst honum og hafi henni liðið illa í sambandinu. Konur hafi verið í kringum ákærða og brotapolí lengstum í ástarsorg. Hafi hún alltaf verið afbrýðisöm út í þessar konur. Í lok mars 2017 hafi ákærði og brotapolí farið í ökuferð. Þá hafi þau verið hætt saman. [...]Ákærði hafi læst bifreiðinni og lætin byrjað. Hann hafi byrjað á því að særa brotapolá með orðum og niðurlægja hana. Inn á milli hafi hann síðan farið að lemja hana. Hafi högginn lent í andliti, en til viðbótar hafi ákærði rifið í hár brotapolá. Högginn hafi ekki komið á líkamann. Ákærði hafi tekið af henni símann og hótað að drepa hana. [...]Hún hafi talið ákærða myndu láta verða af því að drepa hana og verið orðin það hrædd að hún hafi ætlað að hoppa út úr bifreiðinni á ferð. Ökuferðin hafi endað þannig að þau hafi farið heim til ákærða í Reykjavík.

Brotapolá hafi liðið mjög illa í sambandinu með ákærða. Hafi hann oft hótað ýmsu. Einhver hafi sett myndir af henni inn á chansluts. Grunaði brotapolá að þar hefði ákærði verið á ferð. Útilokað sé að sanna hver hafi sett myndir þar inn. Líkamlegt ofbeldi af hálfu ákærða hafi byrjað í ferðinni til Barcelona í mars 2017. Brotapolí hafi verið úti með ákærða og vinkonu sinni. Þau hafi drukkið áfengi og skemmt sér. Í leigubíl hafi ákærði viljað fá að skoða síma brotapolá til að finna heimilisfang á stað sem þau hafi verið á leið á. [...] Hafi hann brjálást og brotapolí fengið áfall. Brotapolí hafi þóst kasta upp til að komast út úr bílnum en ákærði elt hana og fellt hana í jörðina. Hafi hann lamið hana og dregið á hárinu. Vinkona brotapolá hafi verið í leigubifreiðinni og hún og leigubifreiðastjórinn hringt á lögreglu. Hafi lögregla séð ákærða beita brotapolá ofbeldi. Ákærði hafi verið handtekinn af lögreglu og skýrsla verið tekin af brotapolá. Brotapolí hafi viljað fá ákærða lausan en lögregla ekki heimilað það. Hafi brotapolí þrátt fyrir þetta fundið fyrir öryggi hjá ákærða auk þess sem hún hafi verið hrædd um hann í fangelsinu. Ákærði hafi losnað eftir tvo daga. Eftir að heim til Íslands kom hafi ofbeldið haldið áfram. Brotapolí kvaðst hafa farið í aðra ökuferð með ákærða þar sem hann hefði ekið í átt að Bláfjöllum. Hann hafi í þeirri ökuferð beitt brotapolá ofbeldi og hafi hún hlotið áverka í andliti. Hún hafi leitað á heilsugæslustöð vegna áverkanna en hún hafi m.a. verið mjög aum í kjálka. Hafi hún fengið áverkavottorð frá viðkomandi lækni. Brotapolí kvaðst ekki vera viss um hvort sú ökuferð hefði verið á undan eða eftir ökuferðinni þar sem ákærði tók upp samtál þeirra sem ákært er út af í þessu máli. Ákærði hafi einnig beitt brotapolá ofbeldi heima hjá bróður ákærða. Ákærði, brotapolí og bróðir ákærða hafi verið þar saman og brotapolí sofnað í sófa í stofu. Ákærði hafi á meðan tekið síma brotapolá og skoðað hann, en síminn hafi verið opinn. Hann hafi séð skilaboð til brotapolá og

brjálást. Hafi hann m.a. slegið brotaþola utanundir og hótað að sýna foreldrum hennar skilaboðin. Ákærði hafi því næst rokið út en brotaþoli tekið leigubíl heim til móður sinnar.

Ákærði hafi notað kókaín. [...]. Ákærði hafi sífellt verið að hóta og ógna brotaþola. Hún hafi verið niðurbrotin og alltaf verið til í að taka aftur við ákærða því hún hafi elskað hann. [...]. Brotaþoli kvaðst hafa ákveðið að kæra ákærða til að sýna það að hún væri ekki hrædd. Áður hafi staðan verið sú að brotaþoli hefði gert sér fullkomna ímynd af ákærða, þó svo hann væri að lemja hana. Hafi hún alltaf verið hrædd þegar hún hittir hann. Hún hafi haldið að hún væri búin að missa fjölskyldu sína og ákærði verið einn eftir til að treysta á. Hafi hún af þeirri ástæðu ekki viljað fara frá honum og fundist hún vera háð honum. Brotaþoli kvaðst hafa farið í Bjarkarhlíð vegna þessa ofbeldis ákærða. Eins hafi hún leitað til sálfræðings í viðtöl. Bjarkarhlíð hafi getað komið brotaþola með forgangi til Svíþjóðar þar sem hún hafi farið í meðferð. Hafi brotaþoli verið byrjuð að nota kókaín, en það hafi byrjað með ákærða þar sem hann hafi notað það. Brotaþoli kvaðst ekki hafa ritað skilaboð á Instagram frá 22. mars 2018 þar sem í hennar nafni er sagt að hún hafi gengið of langt gagnvart ákærða. Gruni hana að ákærði hafi „hakkað“ sig inn á reikning hennar og skrifað þessi skilaboð.

Móðir brotaþola kvaðst hafa hitt ákærða tvisvar sinnum. Hafi henni borist upplýsingar um að ákærði hefði farið í ökuferð með brotaþola þar sem hann hefði lofað brotaþola að giftast henni. Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið þess vör að ákærði beitti brotaþola líkamlegu ofbeldi. Hún hafi einhverju sinni séð þau rífast fyrir utan heimili sitt og hafi brotaþoli varist ákærða með veski sínu. Hafi móðirin tekið brotaþola inn á heimili sitt í kjölfarið. Ákærði hafi öskrað á brotaþola en hann hafi ekki náð til hennar. Vissi móðirin til þess að brotaþoli hefði verið mjög hrædd við ákærða. Hafi hún fengið neyðarhnapp frá lögreglu sem vörn gegn honum.

Vitnið C kvað ákærða hafa beðið sig að koma með í ökuferð [...]. Vitnið hafi ekki viljað vera í bifreiðinni en boðist til að aka í annarri bifreið á eftir þeim. Hafi það orðið úr og vitnið ekið nokkuð á eftir bifreið ákærða. Ekið hafi verið áleiðis til Bláfjalla. Dimmt hafi verið úti en vitnið séð afturljós bifreiðar ákærða. Á leiðinni hafi ákærði snúið bifreið sinni við og vitnið þá mætt bifreið ákærða. Hafi vitnið þá séð brotaþola í faðmlögum við ákærða. Ákærði hafi beðið vitnið að vera samferða ef vera kynni að brotaþoli myndi yfirgefa bifreiðina. Hefði brotaþoli þá far í bæinn. Vitnið kvaðst hafa verið í áfengis- og fíkniefnameðferð með brotaþola. Ekki hafi brotaþoli minnst á ökuferðir þar sem ákærði hefði lamið hana. Hafi brotaþoli sagt vitninu að einhver vinur brotaþola hefði ýtt á hana að leggja fram kæru í málinu. Hafi brotaþoli verið undir miklum áhrifum á þeim tíma og haft á orði að hún sæi eftir að hafa gengið svo langt.

Bróðir ákærða kvaðst ekki hafa þekkt brotaþola mikið á þeim tíma sem hún og ákærði voru í sambandi. Kvöld eitt hafi ákærði og brotaþoli komið í heimsókn til

vitnisins. Hafi verið rætt um að ákærði og brotþoli myndu gista heima hjá vitninu. Brotþoli hafi lagt sig í sófa í stofu íbúðarinnar. Ákærði hafi tekið síma brotþola og fundið eitthvað sem valdið hafi honum óróleika. Hafi hann vakið brotþola og til orðaskipta komið þeirra á milli. Í framhaldi hafi ákærði rokið á dyr í miklu uppnámi. Hafi vitnið beðið brotþola að fara. Ekki hafi vitnið séð ákærða beita brotþola líkamlegu ofbeldi í íbúðinni.

Fyrrum vinkona brotþola lýsti því að vitnið hefði á sínum tíma kynnst ákærða í gegnum brotþola. Á þeim tíma hefðu brotþoli og vitnið verið miklar vinkonur, en þær væru það ekki í dag. Vitnið hafi farið með brotþola og ákærða til Spánar á árinu 2017. Þau hafi verið í leigubíl saman er brotþoli hafi rokið út úr bifreiðinni og ákærði farið á eftir henni til að stöðva hana. Bílstjóri leigubifreiðarinnar hafi kallað til lögreglu en vitnið viti ekki ástæðu þess. Vitnið hafi séð ákærða reyna að stöðva brotþola á hlaupunum en ekki séð hann beita brotþola ofbeldi í það sinn. Brotþoli hafi sagt vitninu frá því að ákærði hefði beitt hana ofbeldi í bifreið á leið í Bláfjöll. Hvorki þá né í annan tíma hafi vitnið séð áverka á brotþola. Þrátt fyrir þessar sögur um ofbeldi af hálfu ákærða hafi brotþoli alltaf farið aftur til ákærða.

Lögreglumaður í Bjarkarhlíð lýsti því að á stofnuninni væru einungis samskipti við þolendur kynferðisofbeldis. Í maí 2017 hafi brotþoli rætt sín mál við vitnið, en hún hafi viljað leggja fram kæru á hendur ákærða. Hafi vitnið lýst ferlinu fyrir brotþola. Í viðtölum hafi brotþoli rætt um atvikið á Spáni og ökuferð út úr bænum. Myndi vitnið eftir því að brotþoli hefði verið með áverka í andliti. Brotþoli hafi verið hrædd vegna hótana af hálfu ákærða. Eins hafi brotþoli óttast það að foreldrar hennar fréttu af vændi hennar. Kvaðst vitnið hafa komið máli hennar í farveg. Brotþoli hafi fengið árásarhnapp vegna yfirvofandi árása af hálfu ákærða.

Starfsmaður Kvennaathvarfsins kvaðst hafa gefið út vottorð vegna komu brotþola í Kvennaathvarfið. Kvaðst vitnið hafa tekið á móti brotþola við komu á árinu 2017 og rætt við hana um hennar mál.

Teymisstjóri í Bjarkarhlíð kvaðst hafa gefið út vottorð vegna komu brotþola í Bjarkarhlíð. Mál brotþola hafi verið eitt af þeim fyrstu sem stofnunin hefði verið með eftir að hún var sett á laggirnar. Brotþoli hafi verið í viðtölum hjá vitninu meðan hún var í Bjarkarhlíð og eftir að hún fór þaðan. Til viðbótar hafi brotþoli farið í áfengis meðferð og í Grettistak. Brotþola hafi vitnið síðast hitt í byrjun september 2020. Brotþoli hafi átt langa sögu endurtekens ofbeldis úr æsku. Að því er varðar sambandið við ákærða hafi brotþoli verið að átta sig á því að hún hefði verið í ofbeldissambandi. Hafi hún greint frá tilvikum, eins og bílferðum. Brotþoli hafi þurft mikinn stuðning og þurfi enn þann dag í dag. Hún hafi viljað að sambandið við ákærða gæti gengið og af þeim ástæðum verið mjög viðkvæm. Vegna sögu um fyrra ofbeldi hafi brotþoli verið auðvelt fórnarlamb í þeim skilningi. Hafi ákærði náð miklum tókum á brotþola. Það hafi

verið ástæðan fyrir því að þau hafi verið mikið sundur og saman. [...]Þá hafi ákærði komið henni í fíkniefnavímu, sem hafi verið enn eitt vopn hans. Af þessum ástæðum hafi brotþoli verið komin með áfallastreituröskun. Hún hafi í samtölum virkað mjög trúverðug. Vitnið kvaðst í raun þakka fyrir hvern dag sem brotþoli væri á lífi.

Heimilislæknir sem ritaði læknaþréf vegna brotþola lýsti því að brotþoli hefði komið í tvær heimsóknir á heilsugæslustöðina. Hafi vitnið hitt brotþola í öðru tilvikinu en annar heimilislæknir í hinu. Vitnið kvaðst sjálf hafa skoðað brotþola í heimsókninni 18. maí 2017. Þó langt væri um liðið síðan myndi vitnið eftir því að brotþoli hefði verið mjög hrædd og skelfd við komu. Hafi hún sagt að hún þyrfti að fara til útlanda til að losna undan ofbeldismanni. Hafi hún óttast bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi viðkomandi einstaklings. Brotþoli hafi greint frá því að hún hefði fengið ábendingu frá lögreglu um að leggja ekki fram kærú þar sem það gæti gert hlutina verri. Um hafi verið að ræða þáverandi kærasta brotþola. Vitnið hafi ekki skoðað brotþola við komuna 2. maí. Lýst sé mari á enni og eymslum á neðri kjálka. Hafi brotþoli átt erfitt með að opna munninn. Slíkir áverkar geti komið við að viðkomandi sé kýldur eða laminn í andlit. Brotþoli hafi verið trúverðug að mati vitnisins, en vitnið myndi einstaklega vel eftir komu brotþola.

Lögreglumaður sem á sínum tíma stjórnaði rannsókn málsins greindi frá framvindu rannsóknarinnar.

Niðurstaða:

Í málinu er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi og kynferðisbrot, með því að hafa miðvikudaginn 29. mars 2017, í bifreið skammt utan Reykjavíkur, ráðist að brotþola með því að beita hana ofbeldi, hótunum, stórfelldum ærumeiðingum og særa blygðunarsemi hennar, en ákærði á að hafa slegið brotþola ítrekað í líkama og hótandi henni á tilgreindan hátt með orðum samkvæmt tölulíðum 1 til 4 og hafa sært blygðunarsemi hennar, móðgað hana og smánað með orðum samkvæmt tölulíðum 5 til 12.

Aðalkrafa ákærða er um frávísun málsins frá dómi á þeim grundvelli að ákæra í málinu sé óskýr. Ekki sé ljóst fyrir hvað sé ákært með orðum í tölulíðum 1 til 4 og síðan 5 til 12. Að mati dómsins er ákæran nægjanlega skýr um þessi atriði. Ákærða er gefið að sök með orðum í tölulíðum 1 til 4 að hafa hótad brotþola þannig að varði við 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940. Með orðum í tölulíðum 5 til 12 er ákærða gefið að sök brot gegn blygðunarsemi, sem varðar við 209. gr. laga nr. 19/1940, og móðgun og smánun sem varðar við 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940. Þar fyrir utan er ákærða gefið að sök að hafa slegið brotþola ítrekað í líkamann þannig að við síðastgreinda ákvæðið varði. Er hafnað kröfu ákærða um frávísun málsins frá dómi.

Samkvæmt 209. gr. laga nr. 19/1940 varðar það fangelsi allt að 4 árum, en fangelsi allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt, fyrir þann sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis. Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í sömu lögum skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að 6 árum.

Heimilisofbeldisákvæði 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940 var lögfest með lögum nr. 23/2016, um breyting á lögum nr. 19/1940. Í athugasemdum með lögnum segir m.a. að með 4. gr. frumvarpsins sé lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög sem fjalli um ofbeldisbrot í nánnum samböndum þar sem áhersla sé lögð á það ógnarástand sem sú tegund ofbeldis geti skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því geti fylgt. Hafi ákvæðið það að markmiði að tryggja þeim sem þurfi að þola alvarlegt eða endurtekið ofbeldi af hálfu nákominna meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf geri. Í því sambandi sé sérstaklega vert að geta þess að líkamsmeiðingaákvæði almennra hegningarlaga taki eðli málsins samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, svo sem kúgana, hótana eða niðurlægingar, sem sé algeng birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum. Sé hinu nýja ákvæði ætlað að taka á þessum vanda og sé með því horfið frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hafi í för með sér. Verði ofbeldisbrot í nánnum samböndum virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa viðhaft þau orð sem ákært er fyrir í töluliðum 1 til 12 í ákæru. [...]. Ekki hafi verið nein meining að baki orðum ákærða. Ákærði hafi ekki slegið brotþola í líkamann, svo sem brotþoli haldi fram. Brotþoli hefur á hinn bóginn lýst því að hún hafi orðið miður sín af hræðslu er ákærði hafi öskrað á hana í ökuferðinni og helst viljað deyja. Hafi ákærði öskrað á hana að hann ætlaði að drepa hana og inn á milli lamið brotþola.

Hljóðupptaka af þessari ökuferð er á meðal gagna málsins, auk þess sem samskipti ákærða og brotþola hafa verið rituð upp. Engum vafa er undirorpið að ákærði veittist með offorsi að brotþola og hótaði henni ítrekað lífláti og líkamsmeiðingum. Hann talaði mjög niðrandi til hennar, smánaði hana og móðgaði. Ákærði kvaðst á þeim tímapunkti hafa fengið upplýsingar um [...]. Það samrýmist vart því sem ákærði hefur sjálfur sagt því fram er komið að ósætti á milli ákærða og brotþola vegna gruns að þessu leyti megi rekja aftur til ferðarinnar til Barcelona sem farin var um miðjan mars 2017. Ökuferðin þar sem ummælin féllu var hins vegar farin í lok þess mánaðar, eða

miðvikudaginn 29. mars 2017. Í málinu liggja fyrir staðfestingar lögreglumanna frá Barcelona sem lýsa því að ákærði hafi á ofbeldisfullan hátt gripið í handlegg brotaþola og í hárið á henni um leið og hann þvingaði hana til að ganga. Sú lýsing samrýmist framburði brotaþola, en ekki ákærða sem kveðst einungis hafa verið að stöðva för brotaþola. Við mat á niðurstöðu er einnig til þess að líta að brotaþoli var með áverka 1. maí þetta ár, sem hún staðhæfir að hafi verið eftir ákærða. Læknir sem skoðaði brotaþola lýsti því að brotaþoli hefði verið mjög hrædd við þáverandi kærasta sinn, sem á þeim tíma var ákærði. Hafi hún sagt kærastann hafa valdið sér greindum áverkum. Fyrir það hefur ákærði synjað.

Þegar framangreind atriði eru virt er ákærði ótrúverðugur um þau. Brotaþoli er hins vegar trúverðug um þessa þætti og önnur meginatriði málsins. Verður að líta til þess að langt er um liðið síðan atvik áttu sér stað og þess því ekki að vænta að nákvæmar tímasetningar séu í fersku minni. Hljóðupptakan leiðir án nokkurs vafa í ljós ofsafengið ástand ákærða. Brotaþoli hljóðar margítrekað upp og heyrast hljóð eins og verið sé að slá manneskju. Þegar þau atriði eru virt verður trúverðugur framburður brotaþola lagður til grundvallar og talið hafið yfir allan vafa að ákærði hafi slegið brotaþola ítrekað í líkamann. Eins telur dómurinn sannað að með þeim orðum sem ákærði lét falla í töluliðum 1–4 hafi hann hótað brotaþola lífláti og líkamsmeiðingum. Einnig telur dómurinn sannað að með þeim orðum er ákærði lét falla í töluliðum 5 til 12 hafi hann sært blygðunarsemi brotaþola, móðgað hana og smánað. Skiptir engu í því efni þó svo brotaþoli hafi um einhvern tím stundað vændi, svo sem hún sjálf hefur viðurkennt.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940 þarf brot að vera endurtekið eða lífi, heilsu eða velferð ógnað á alvarlegan hátt. Svo sem rakið er í athugasemdum með lögum nr. 23/2016 er hinu nýja ákvæði ætlað að hverfa frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlegu þjáningu sem það hefur í för með sér. Verði ofbeldisbrot í nánnum samböndum virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig. Dómurinn telur báðum þessum skilyrðum fullnægt í málinu. Brotaþoli bjó við viðvarandi ógn og hafði ákærði áður veist að henni með ofbeldisfullum hætti. Nærtækasta dæmið um það er ferðin til Barcelona. Þá var lífi og heilsu brotaþola ógnað á alvarlegan hátt, en brotaþoli býr enn við alvarlega röskun sem afleiðingu þess tíma sem ákærði og brotaþoli voru í nánnum sambandi. Þegar litið er til eðlis sambands ákærða og brotaþola og þess tíma sem þau voru saman fellur samband þeirra ótvírætt undir gildissvið 1. mgr. 218. gr. b laga nr. 19/1940. Þegar til þessa er litið verður ákærði sakfelldur samkvæmt I. kafla ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði neitar sök samkvæm II. kafla ákæru. Fíkniefni og sterar sem í ákæru greinir voru haldlögð á heimili ákærða við húsleit. Ákærði hefur enga sennilega skýringu gefið á tilvist efnanna. Á sama tíma voru þau vopn sem þar eru tilgreind haldlögð.

Hnúajárnið, öxin og kaststjörnurnar eru allt ólögleg vopn, sbr. c- og e-liði 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot samkvæmt II. kafla ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í apríl 1976. Hann á að baki sakaferil. Árið 1997 var hann dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Á árinu 2007 var hann dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot. Á árinu 2010 var hann dæmdur í 9 mánaða fangelsi, þar af 6 mánuði skilorðsbundið, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Loks var hann með dómi héraðsdóms 20. júní 2012 sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og hættubrot. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi 31. janúar 2013 dæmdi ákærða í 4 ára fangelsi. Ákærða var veitt reynslulausn 7. september 2016 í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 480 dögum. Ákærði hefur með broti sínu rofið skilyrði reynslulausnarinnar og verður hún nú tekin upp og dæmd með í máli þessu. Ákærði á sér engar málsbætur. Með hliðsjón af þessu og 1., 2., 3., 4., 6., 7. og 8. tl. 70. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár.

Af hálfu brotþola er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot í nánu sambandi og kynferðisbrot gagnvart brotþola. Með ólögumætri og saknæmri háttsemi sinni hefur ákærði valdið brotþola miskatjóni. Vottorð Bjarkarhlíðar leiðir í ljósi mikinn og langvarandi miska brotþola, en brot af þessu tagi eru til þess fallin að valda miklu miskatjóni. Með hliðsjón af því og 26. gr. laga nr. 50/1993 eru miskabætur ákveðnar 2.000.000 króna. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Upptaka fer fram eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda og þóknun réttargæslumanna sem í dómsorði greinir. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óttar Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 ár

Ákærði greiði A 2.000.000 króna í miskabætur, auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 18. mars 2017 til 13. maí 2018 en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags

Upptækt er gert til ríkissjóðs hnúajárn með áföstu hnífsblaði, öxi, 5 kaststjörnur, 1,11 grömm af kókaíni, 7,20 grömm af morfíni, 19,0 ml. af trenboloni, anabólískum sterum, og 12,04 grömm af óþekktu hvítu efni, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns, 1.250.230 krónur og þóknun réttargæslumanna brotþola, þeirra Söru Pálsdóttur lögmanns, 508.580 krónur, Elvu Daggar Ásudóttur Kristinsdóttur lögmanns, 485.460 krónur, Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmanns, 444.044 krónur og Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 344.100 krónur.

Símon Sigvaldason